



Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um flutning framleiðslueldhúss velferðarsviðs innan Vitatorgs

Á fundi velferðarráðs þann 21. janúar 2026 var lögð fram svohljóðandi trúnaðarmerkt tillaga sviðsstjóra, dags. 19. janúar 2026, um flutning framleiðslueldhúss velferðarsviðs innan Vitatorgs:

Lagt er til að framleiðslueldhús á Vitatorgi verði flutt í matsal á sömu hæð og eldhúsið er í dag og matsalurinn verði færður á næstu hæð fyrir ofan. Velferðarsvið mun sjá um alla aðra þætti matarþjónustunnar aðra en að elda matinn á meðan á framkvæmdum stendur. Gerðir verða samningar við þriðja aðila um framleiðslu á mat til heimsendingar og í móttökueldhús þjónustuíbúða og félagsmiðstöðva þangað til framkvæmdum á Vitatorgi lýkur og starfsemi eldhússins hefst að nýju.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Fulltrúi Framsóknarflokksins lagði fram svohljóðandi breytingartillögu:

Við texta tillögunnar bætist: Samhliða verði mat lagt á hvort hægt sé að auka afkastagetu í hádegismat í Bólstaðarhlíð og Aflagrandu til að geta boðið upp á mat án fyrirfram pöntunar á þeim stöðum á framkvæmdartíma Vitatorgs. Mat þess efnis verði lagt fyrir velferðarráð í síðasta lagi í mars 2026.

Tillagan var samþykkt svo breytt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsflokkar velferðarráðs taka undir nauðsyn þess að grípa til aðgerða vegna stöðu framleiðslueldhúss velferðarsviðs á Vitatorgi, með hliðsjón af niðurstöðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og þeim kröfum sem gerðar eru til matvælaöryggis þegar þjónusta er veitt viðkvæmum hópum. Ljóst er að tryggja þarf örugga og samfellda matarþjónustu til íbúa þjónustuíbúða, íbúa sem þurfa að fá heimsendan mat og gesta félagsmiðstöðva. Mikilvægt er að gæði þjónustunnar skerðist ekki og boðið verði upp á góða matarþjónustu, bæði á framkvæmdatímanum og eins eftir að framkvæmdum er lokið. Samstarfsflokkarnir undirstrika mikilvægi þess að íbúar og aðrir notendur þjónustunnar fái skýrar upplýsingar um breytingarnar og að tekið sé tillit til félagslegra þátta, svo sem samveru íbúa og aðgengis að heitum máltíðum, eftir því sem unnt er á meðan á framkvæmdum stendur og eftir að framkvæmdum lýkur. Einnig er lögð áhersla á að framvinda hönnunar, kostnaðaráætlunar og framkvæmdar verði kynnt reglulega fyrir velferðarráði, þannig að tryggt sé gagnsæi og ábyrg eftirfylgni verkefnisins.





Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um flutning framleiðslueldhúss velferðarsviðs innan Vitatorgs, lögð fram á fundi velferðarráðs 21. janúar 2026.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Flutningur framleiðslueldhúss innan Vitatorgs

Lagt er til að framleiðslueldhús á Vitatorgi verði flutt í matsal á sömu hæð og eldhúsið er í dag og matsalurinn verði færður á næstu hæð fyrir ofan. Velferðarsvið mun sjá um alla þætti matarþjónustunnar aðra en að elda matinn á meðan á framkvæmdum stendur. Gerðir verða samningar við þriðja aðila um framleiðslu á mat til heimsendingar og í móttökueldhús þjónustuíbúða og félagsmiðstöðva þangað til framkvæmdum á Vitatorgi lýkur og starfsemi eldhússins hefst að nýju.

Greinargerð:

Skv. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eiga sveitarfélög að sjá um heimsendingu matar í þjónustu við aldraða. Skv. lögum um málefni aldraða nr. 125/1999 skal í þjónustuíbúðum vera boðið upp á mat.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur rekið framleiðslueldhús á Vitatorgi, Lindargötu 59 síðan árið 1997 og þar er framleiddur annars vegar hraðkældur matur sem sendur er til fólks í heimahúsum, sem ekki getur annast matseld sjálft og hefur ekki tók á að borða í félagsmiðstöðvum velferðarsviðs. Hins vegar hádegismatur fyrir íbúa í þjónustuíbúðum og þau sem sækja félagsmiðstöðvar borgarinnar. Að meðaltali eru eldaðar um 930 máltíðir á dag. Heimsendi maturinn sem er um 40% af framleiðslunni er fulleldaður í eldhúsinu. Hann er pakkaður í neytendapakkingar sem tilbúnar eru til upphitunar í ofni eða örbylgju á heimili notenda. Í dag er heitur matur sendur til sextán móttökueldhúsa þjónustuíbúða og félagsmiðstöðva. Til fimm þeirra alla daga vikunnar.

Ýmis starfsemi er á Vitatorgi fyrir utan framleiðslueldhúsið. Á Lindargötu 57-66 eru alls 94 íbúðir, 67 í eigu Félagsbústaða og leigðar út sem þjónustuíbúðir fyrir eldra fólk og 27 íbúðir eru eignaíbúðir. Félagsstarf er starfrækt fyrir íbúa í þjónustuíbúðum og aðra íbúa hverfisins, þar er mótuneyti þar sem hægt er að kaupa hádegismat alla daga ársins og kaffiveitingar virka daga. Á Vitatorgi er jafnframt rekin dagdvöl fyrir fólk með heilabilun, hárgreiðslustofa og fótaaðgerðarstofa.

Úttektir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur veitir starfsleyfi fyrir starfsemi framleiðslueldhúsa til ákveðins tíma í senn. Ein af þeim kröfum sem gerðar eru til framleiðslueldhúss sem eldar mat fyrir viðkvæma hópa eins og eldra fólk er að ástunda innra eftirlit sem byggir á matvælaöryggiskerfinu HACCP í flokki III. Ekki hefur tekist að setja upp fullnægjandi ferla fyrir eldhúsið vegna þrengsla og staðsetningar mismunandi rýma í eldhúsinu. Flæðið er óheppilegt þar sem krossun er á milli ferla, vörumóttöku og hráefna, vinnslu og undirbúinna og tilbúinna vara o.s.frv. Þegar ekki er hægt að setja upp ferlana, er ekki hægt að tryggja öryggi viðkvæmra neytenda samkvæmt matvælaöryggiskerfinu HACCP.



Í eftirlitsferð Heilbrigðiseftirlitsins þann 20. febrúar 2025 var staðan á eldhúsinu metin alvarleg og ástand húsnæðisins óviðunandi. Heilbrigðiseftirlitið veitti þá tímabundið starfsleyfi til 6 mánaða eða til 27. ágúst 2025. Þann 27. ágúst 2025 veitti Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur nýtt starfsleyfi fyrir starfsemi framleiðslueldhússins í 9 mánuði eða til 27. maí 2026 á þeim forsendum að gerðar yrðu lágmarks viðhaldsframkvæmdir til að tryggja matvælaöryggi þangað til flutt yrði í nýtt húsnæði. Jafnframt var tekið fram að starfsleyfi yrði ekki veitt aftur fyrir óbreytta starfsemi á Vitatorgi.

Í kjölfar úttektarinnar fékk umhverfis- og skipulagssvið iðnaðarmenn til að framkvæma allt það viðhald sem unnt er að koma í kring án þess að loka eldhúsinu. Velferðarsvið fékk ráðgjafafyrirtæki til þess að að veita ráðgjöf um hvernig matvælaöryggi í framleiðslueldhúsinu yrði tryggt á tímabilinu. Fyrirtækið framkvæmdi áhættugreiningu, gerði úttektir og kom með tillögur að úrbótum á innanhússferlum. Jafnframt hófst vinna við að leita að nýju húsnæði undir eldhúsið.

Kynningar á fundum velferðarráðs og niðurstaða húsnæðisleitar

Umfjöllun um stöðu húsnæðismála framleiðslueldhússins fór fram á fundum velferðarráðs þann 11. júní, 18. júní, 3. desember og 17. desember 2025.

Samþykkt var á fundi velferðarráðs þann 18. júní 2025 að stofna aðgerðahóp til vinna að undirbúningi flutnings á framleiðslueldhúsinu. Aðgerðahópur leitaði að húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar með fullbúnu eldhúsi en slíkt húsnæði var ekki til. Þá var leitað að leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu með fullbúnu eldhúsi en slíkt húsnæði var ekki á markaði. Nokkrir staðir á höfuðborgarsvæðinu komu til greina að leigja og innrétta eldhús þar, en húsnæðið sem hentaði best reyndist, eftir ástandsskoðun vera of dýrt. Ljóst er að það ákjósanlegasta í stöðunni er að framkvæma breytingar á Vitatorgi, innrétta nýtt eldhús í matsalnum á sömu hæð og núverandi eldhús er og færa matsal upp um eina hæð.

Breytingarnar framundan

Framleiðslueldhúsið mun loka í maí 2026 áður en starfsleyfið rennur út. Velferðarsvið mun áfram sjá um allt utanumhald um matarþjónustuna en mun láta elda matinn annars staðar. Framundan er að tryggja samninga við þriðja aðila sem uppfyllir kröfur samkvæmt matvælaöryggiskerfinu HACCP III, fyrir hraðkældan pakkaðan mat til heimsendingar og heitan mat fyrir þjónustuíbúðir og félagsmiðstöðvar, á meðan framkvæmdum á Vitatorgi stendur.

Fýsileikakönnun er lokið af hálfu skrifstofu eignastýringar, sem staðfestir að hægt er að stækka núverandi framleiðslueldhús á Vitatorgi. Umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu (SFF) tekur við verkefninu og mun sjá um verkefnastjórnun á framkvæmdunum. SFF mun fá arkitekt og verkfræðihönnuði til að fullhanna eldhúsið ásamt verklýsingum, svo hægt sé að bjóða verkið út. Í fjárfestingaráætlun 2026 eru áætlaðar 50 m.kr. vegna undirbúnings og hönnunar. Þegar hönnun er lokið liggur fyrir ítarleg kostnaðaráætlun fyrir verkefnið. Þá er kominn grundvöllur til að sækja um aukið fjármagn í fjárfestingaráætlun.

Tímaáætlun: Undirbúningur og hönnun 6 mánuðir, framkvæmdir 8-12 mánuðir.

Á meðan á framkvæmdunum stendur mun ekki vera hægt að bjóða upp á heitan mat á Vitatorgi í hádeginu en matargestum býðst að matast á nærliggjandi félagsmiðstöðvum eða fá heimsendan mat. Unnið verður að því að íbúar í þjónustuíbúðum geti borðað saman á Vitatorgi. Að öðru leyti verður engin röskun á matarþjónustunni, þar sem



velferðarsvið mun áfram sjá um alla aðra þjónustupætti aðra en þann að elda matinn sem boðið verður upp á. Dagdeildin, hárgreiðslustofan og fótaðgerðastofan munu starfa með sama hætti og áður. Félagsstarfið verður skipulagt í samvinnu við aðrar félagsmiðstöðvar í hverfinu og að einhverju leyti fundinn farvegur þar.